

Ed. **457. Nefndarálit** **[136. mál]**

um frv. til l. um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd hefur rætt frumv. Minni hl. leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Meiri hl. n. viðurkennir, að þörf sé á auknum framkvæmdum í vegagerð á Austfjörðum og Vestfjörðum. En slík þörf er fyrir hendi um allt land. Og þar sem vegalög eru nú í endurskoðun á breiðum grundvelli hjá stjórnskipaðri nefnd, sem skila mun álit og tillögum á næsta hausti, telur meiri hl. n. ekki tímabært að samþykkja frumv. og leggur til, að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 22. marz 1962.

Jón Þorsteinsson,
form.

Jón Árnason,
fundaskr.

Bjartmar Guðmundsson,
frsm.